

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn að Laugavegi 13, Reykjavík, þann 19. október 2017 kl. 9:30, en þetta var 55. fundur nefndarinnar.

Mættir voru Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Eyjólfur Þ. Haraldsson og Magnús Jóhannsson, en sá síðastnefndi ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri hjá Stofnun Árna Magnússonar.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar (21. sept. 2017) var samþykkt.

2. Ársskýrsla

Ársskýrsla Orðanefndar LÍ hafði verið send fundarmönnum fyrir fundinn og var hún samþykkt. Hún er birt í ársskýrslu félagsins á aðalfundi.

3. Orðabókarvinnan

Rætt var áfram um útgáfu þriðja heftis „Orðasafns í líffærafræði“. Allt efni heftisins er nú tilbúið fyrir umbrot. Skoðuð voru drög að uppsetningu ritsins ásamt formála, þakkarorðum og eftirmála og voru fundarmenn ánægðir með þetta allt.

Orð og heiti sem tengjast „andro-“, samtals ríflega 30 færslur, höfðu verið send fundarmönnum fyrir fundinn. Farið var yfir þennan lista á fundinum og gerðar fáeinar breytingar.

4. Næsti fundur

Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudaginn 23. nóv. 2017 kl. 9:30. JHJ mun boða þann fund og senda út orðalista til yfirlestrar.

Fundi var slitið um kl. 10:40.